

93
14. ág.

Reglugjörð

**um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrasýslu um notkun
afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar
frá 25. júlí 1892 og 3. ágúst 1912.**

1. gr.

Á eftir orðunum: »alt fjallland Gilsbakkakirkju« í 52. gr. reglugjörðar 25. júlí 1892 komi: og allan afrjett fyrnefndra hreppa í Borgarfjarðarsýslu að löndum Þverárrjettarafrjettar og Húnvetninga o. s. frv.

2. gr.

Á eftir orðinu: »Hvítársíðurjettar« í niðurlagi 1. málsg. 53. gr. reglugjörðar 25. júlí 1892 komi: Einnig Lambatungur, sem nú tilheyrir Þverárrjettarafrjetti, leitast til Þverárrjettar.

Þó getur stjórn Þverárrjettarfjelagsins látið eftir að nefnt land sje leitað til Hvítársíðurjettar.

3. gr.

Í stað orðsins: »Þó« í 4. gr. reglugjörðar 3. ágúst 1912 komi: Einnig.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1913.

Í stjórnarráði Íslands, 14. ágúst 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

94
1. sept.

Reglugjörð

**um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu um
eyðing refa, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 21. júní 1906.**

1. 2. gr.

Byrjunarorð greinarinnar: »Hver hreppsúi, sem á að minsta kosti«, falli burtu.

Í þess stað komi:

Hver sem býr á jörð, sem metin er til dýrleika, sem og þeir, er eiga að minsta kosti . . .